

HRING EFTIR HRING



Verkefni 1

Leitin að _____

- Í þessu verkefni eigið þið að teikna hring með hjálp snúru og penna/blýant.
- Teiknið fyrst kross á miðjan pappírinn.
- Því næst heldur einn úr hópnum öðrum enda snúrunnar föstum í miðju hringins en annar teiknar hringferilinn með því að halda pennanum/blýantinum við hinn enda snúrunnar og færa hann hringinn. **Halda þarf snúrunni vel strekktri.**
- Merkið einn punkt á hringferilinn með pennanum.
- Takið nú snúruna og leggið hana eftir hringferlinum með endann við punktinn sem þið teiknuðuð. Merkið við hinn endann.
- **Hvað er snúran? (hugtak sem tengist hring):** _____
- **Hversu oft er hægt að leggja snúruna eftir hringferlinum?** _____
- **Hvað ef snúran væri tvöfalt lengri (tekin í sundur), hversu oft væri þá hægt að leggja hana eftir hringferlinum?** _____

Verkefni 2

Mælið bæði **þvermál** og **ummál** a.m.k. 3 hringja eins nákvæmlega og þið getið og skráið í töfluna. Ef erfitt er að mæla ummálið getið þið lagt snúruna eftir hringferlinum og síðan mælt lengd snúrunnar með málbandi.

Í síðasta dálki eigið þið að finna hlutfallið á milli ummáls og þvermáls hringjanna með því að deila í ummálið með þvermálinu. **Hvað kemur í ljós?**

Ummál	Þvermál	Ummál / þvermál

Samantekt í lok verkefnis (kennari stjórnar)

Ummál	Þvermál	Ummál / Þvermál

➤ Umræður um niðurstöður:

- hversu oft komst bandið (geislinn) eftir hringferlinum?
- Hvernig tengist geislinn þvermálinu?
- Hvað kemst þvermálið oft eftir hringferlinum?
- Hverju komust þið að þegar þig funduð hlutfallið á milli ummáls hringjanna og þvermálsins?
- Hvernig tengist sú niðurstaða hversu oft þvermálið komst eftir hringferlinum?